

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Mörg lyf

Dagsetning: 1. janúar 2011

Læknir getur sótt um lyfjaskírteini fyrir einstakling sem greiðir fyrir 5 lyf eða fleiri. Lyf sem eru 0- eða E-merkt í lyfjaverðskrá hækka um einn greiðsluflokk, samanber þó sértækar vinnureglur.

0 - merkt lyf fara í greiðslumerkingu E.

E - merkt lyf fara í greiðslumerkingu B.

B - merkt lyf eru ekki hækkuð upp um flokk en eru talin með í fjölda lyfja.

* - merkt lyf eru greidd að fullu af sjúkratryggingum og eru ekki talin með við umsókn um lyfjaskírteini vegna fjölda lyfja.

ATH. Einungis lyf sem eru 0 - merkt, E-merkt og B-merkt eru talin með þegar verið er að sækja um lyfjaskírteini vegna fjölda lyfja.

Gildistími:

3 ár

Upplýsingar um greiðslumerkingu:

0 - merkt = einstaklingur greiðir lyfið að fullu

E- merkt = einstaklingur greiðir að hámarki **6.200 kr.** fyrir hverja lyfjaávísun, þó greiða elli-/örorkulífeyrisþegar, börn yngri en 18 ára og atvinnulausir að hámarki **1.700 kr.**

B- merkt = einstaklingur greiðir að hámarki **4.200 kr.** fyrir hverja lyfjaávísun, þó greiða elli-/örorkulífeyrisþegar, börn yngri en 18 ára og atvinnulausir að hámarki **1.350 kr.**

* - merkt = sjúkratryggingar greiða lyfið að fullu.